

LANDSRÉTTUR

Úrskurður mánudaginn 20. apríl 2026.

Mál nr. 191/2026:

A

(Einar Gautur Steingrímsson lögmaður)

gegn

ríkissaksóknara

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Afhending. Fyrirsvar. Lögvarðir hagsmunir. Upptaka.

Útdráttur

Málið varðaði kröfu A um að felld yrði úr gildi synjun ríkissaksóknara á afhendingu nánar tilgreindra muna sem höfðu verið gerðir upptækir með dómi Hæstaréttar í sakamáli á hendur syni A. Í úrskurði Landsréttar var litið til þess að munir sem væru gerðir upptækir væru eign ríkissjóðs nema annað væri sérstaklega tekið fram í lögum, og talið vanreifað af hálfu A hvernig ríkissaksóknari gæti farið með fyrirsvar fyrir ríkissjóð í tengslum við kröfu um afhendingu munanna eða afhent þá. Yrði ekki séð að A gæti fengið verðmætin afhent yrðu kröfur hans teknar til greina og væri með dómi því ekki leyst úr þeim réttindum sem málsókninni væri ætlað að tryggja. Var því talið að A hefði ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, og hinn kærði úrskurður um frávísun málsins staðfestur.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Jón Höskuldsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 10. mars 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 31. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2026 í málinu nr. E-[...]/2025 þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Málsvik og málsástæður aðila eru skilmerkilega rakin í hinum kærða úrskurði, en með honum var máli sóknaraðila vísað frá héraðsdómi án kröfu. Sóknaraðili krefst þess í málinu að felld verði úr gildi synjun varnaraðila 5. mars 2019 um að afhenda sóknaraðila tilgreind verðmæti, en til vara að lagt verði fyrir varnaraðila að afhenda þau. Verðmætin voru í bankahólfi sem sóknaraðili var skráður umráðamaður að, en efnislegur ágreiningur í málinu lýtur að því hvort sóknaraðili, sem kveðst vera eigandi munanna, geti fengið þá afhenta.
- 5 Með dómi Hæstaréttar [...] í máli nr. [...] /2010 var staðfest sakfelling sonar ákærða, B, fyrir peningþvætti. Jafnframt var staðfest að lagaskilyrði væru uppfyllt fyrir upptöku á þeim fjármunum og skartgripum sem krafa sóknaraðila lýtur að og lagt hafði verið hald á við rannsókn málsins. Byggðist sú niðurstaða á því að B væri eigandi verðmætanna og var sú niðurstaða einnig lögð til grundvallar í bótamáli sóknaraðila á hendur íslenska ríkinu, sbr. dóm Hæstaréttar 16. mars 2017 í máli nr. 345/2016. Munir, sem gerðir eru upptækir eru eign ríkissjóðs nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum, sbr. 69. gr. g almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 6 Eins og greinir í héraðsstefnu snýr málsókn sóknaraðila að endurheimt þeirra verðmæta sem gerð voru upptæk og eru kröfur hans reistar á því að hann sé eigandi þeirra. Er kröfunum beint að varnaraðila þótt verðmætin hafi samkvæmt áður nefndu lagaákvæði verið í eigu ríkissjóðs frá 2010. Með öllu er vanreifað í héraðsstefnu hvernig og með hvaða hætti varnaraðili getur farið með fyrisvar fyrir ríkissjóð í tengslum við kröfu um afhendingu munanna eða afhent þá. Verður í ljósi þess sem hér hefur verið rakið ekki séð að sóknaraðili geti fengið verðmætin afhent yrðu kröfur hans teknar til greina og væri með dómi því ekki leyst úr þeim réttindum sem málsókninni er ætlað að tryggja. Sóknaraðili hefur ekki lögvarða hagsmuni af slíkri úrlausn, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 26. nóvember 2015 í máli nr. 759/2015 og 14. október 2010 í máli nr. 779/2009. Þegar af þessum ástæðum verður hinn kærði úrskurður staðfestur.
- 7 Samkvæmt því og með vísan til 2. mgr. 130. gr., sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991, verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærúmálskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, A, greiði varnaraðila, ríkissaksóknara, 250.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2026.

1. Mál þetta höfðaði A, [...], 26. júní 2025 gegn embætti ríkissaksóknara, [...], Reykjavík.
2. Stefnandi krefst þess *adallega* að felld verði úr gildi synjun stefnda, 5. mars 2019, á að afhenda stefnanda haldlagða fjármuni að fjárhæð 3.550.000 krónur, tvö stykki ermahnappa, demantshring, viðskiptakvittun og ábyrgðarskírteini fyrir skartgripum, sem lögreglan tók úr bankahólfi hans 12. apríl 2010. Til vara er þess krafist að lagt verði fyrir stefnda „að afhenda framangreind verðmæti“. Þá er krafist málskostnaðar.
3. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.
4. Málið var, samkvæmt ákvörðun dómara, munnlega flutt um formhlið þess 30. janúar 2026, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af hálfu stefnanda var því andmælt að málið teldist haldið annmörkum sem varðað geti frávisun án kröfu. Af hálfu stefnda var gagnstæðri afstöðu lýst.

I. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

5. Helstu málsatvik eru þau að á árinu 2010 sættu stefnandi og sonur hans, B, ýmsum rannsóknaraðgerðum lögreglu vegna rannsóknar á fyrirhuguðum innflutningi á miklu magni fikniefna. Meðal annars var leitað í bankahólfi sem stefnandi var skráður umráðamaður að og hald lagt á fjármuni og skartgripi sem þar fundust. Þeirri lögreglurannsókn lyktaði með því að sakamál var höfðað með útgáfu ákæru [...] á hendur syni stefnanda, ásamt fleirum, og var þar meðal annars gerð krafa um upptöku þeirra fjármuna og skartgripa sem fundist höfðu í bankahólfinu. Málið var aftur á móti fellt niður gagnvart stefnanda með bréfi 6. sama mánaðar þar sem það sem fram var komið þótti ekki líklegt til sakfellis á hendur honum.
6. Dómur héraðsdóms í sakamálinu var kveðinn upp [...], að lokinni aðalmeðferð sem fram fór 15. sama mánaðar. Málinu lauk endanlega með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010. Þar var sakfellingardómur héraðsdóms yfir syni stefnanda staðfestur að því er varðaði peningaþvætti skv. IV. kafla ákærunnar en meirihluti réttarins komst að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri hann af ákæru fyrir aðild að stórfelldu fikniefnalagabroti sem hann hafði verið sakfelldur fyrir í héraði. Jafnframt var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að lagaskilyrðum væri fullnægt til upptöku á 4.675.370 krónum og skartgripum að verðmæti 2.000.000 króna sem lögregla hafði lagt hald á við rannsókn málsins, með vísan til 1. og 3. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009.
7. Varðandi rökstuðning fyrir niðurstöðu um upptöku þeirra verðmæta vísaði rétturinn til atriða sem greindi í forsendum hins áfrýjaða héraðsdóms varðandi sakfellingu sonar stefnanda samkvæmt IV. lið ákærunnar. Þar var skartgripunum nánar lýst svo að um væri að ræða tvo ermahnappa með demöntum í og demantshring sem fundist hefðu í bankahólfi sem stefnandi var skráður umráðamaður að, ásamt fjármunum að fjárhæð 3.550.000 krónur. Fram kom að lögregla hefði einnig haldlagt innstæður á bankareikningum ákærða að fjárhæð 1.125.370 krónur. Með vísan til meðal annars þess sem fram hefði komið í framburði feðganna, auk fleiri atriða, taldi héraðsdómur sannað að verðmætin í bankahólfinu tilheyrðu ákærða en ekki föður hans, stefnanda, og féllst því á upptökukröfu ákæruvaldsins.
8. Með dómi Hæstaréttar 16. mars 2017 í máli nr. 345/2016 voru stefnanda dæmdar 2.000.000 króna í miskabætur vegna fjölda rannsóknaraðgerða sem hefðu beinst að honum að ósekju í tengslum við framangreinda lögreglurannsókn, þar á meðal sökum leitar í umræddu bankahólfi hans. Ekki voru í því máli hafðar uppi neinar dómkröfur sem lutu að framangreindum verðmætum sem gerð höfðu verið upptæk með fyrrnefndum dómi réttarins.
9. Í dómi réttarins í máli nr. 345/2016 kemur fram að þar sem lögreglu hefði skort heimild til leitar í bankahólfinu yrðu bætur dæmdar stefnanda án tillits til þess hvort hann ætti sjálfur einhverja sök á þeirri aðgerð lögreglu. Í dóminum er einnig vísað til þess að dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010] hafi fullt sönnunargildi varðandi eignarhald sonar stefnanda á peningum og skartgripum sem fundust í bankahólfinu, þar til hið gagnstæða sannast, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en stefnandi hefði ekki í málinu fært sönnur á annað. Af því var dregin sú ályktun að stefnandi hefði skýrt rangt frá við skýrslutöku hjá lögreglu er hann sagðist vera eigandi þeirra. Af þeirri ástæðu, og öðrum sem raktar væru í forsendum héraðsdóms, taldi rétturinn að tilefni hefði verið til að

krefjast gæsluvarðhalds yfir stefnanda.

10. Lögmaður stefnanda ritaði embætti ríkissaksóknara ítarlegt bréf 8. febrúar 2019 þar sem krafist var afhendingar þeirra verðmæta sem haldlögð höfðu verið við leit í bankahólf hans 12. apríl 2010 og gerð upptæk með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010. Var þess getið að ekki væri fullljóst hvort erindinu væri réttilega beint til embættis ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákærvalds í landinu en bent á framsendingarskyldu stjórnvalda ef rétt þætti að beina erindinu annað.
11. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 5. mars 2019, var erindinu svarað á þann hátt að embættið gæti ekki orðið við beiðninni þar sem lagaheimild skorti til afhendingar og þar sem ætla mætti að það væri andstætt ákvæðum 1. og 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að afhenda muni sem gerðir hefðu verið upptækir með dómi Hæstaréttar.
12. Þótt hvorugur aðila taki það fram í málatilbúnaði sínum skal þess getið að með úrskurði Endurupptökudóms [...] í máli nr. [...] /2022 var hafnað beiðni sonar stefnanda, eins dómfelldu í hæstaréttarmálinu nr. [...] /2010, um endurupptöku þess máls.

II. Helstu málsástæður aðila í efnisþætti málsins

13. Stefnandi kveður málið efnislega hverfast um það hvort hann teljist eiga þá fjármuni og skartgripum sem lögregla lagði hald á við leit í bankahólf hans 12. apríl 2010. Í meginatriðum hafnar hann því að ákvæði dóms Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010 um upptöku verðmætanna hafi bindandi réttaráhrif gagnvart honum, enda hafi hann ekki átt aðild að því máli. Telur hann hvorki 1. né 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008, né samsvarandi ákvæði í 116. gr. laga nr. 91/1991, geta leitt til þeirrar niðurstöðu og hyggst hann sanna í þessu máli að hann sé réttur eigandi verðmætanna.
14. Stefnandi byggir í grunninn á því að í því sakamáli sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010 hafi, að undangengnu sönnunarmati dómstóla á því atriði, verið talið sannað að sonur stefnanda ætti hina haldlögðu fjármuni og skartgripum sem fundust í bankahólfinu. Dómurinn sé bindandi um úrslit sakarefnisins fyrir ákærða, ákærvaldið og aðra um framangreind atriði sem þar voru dæmd að efni til, sbr. 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008, auk þess að hafa fullt sönnunargildi hvað varðar eignarhald á umræddum fjármunum og munum. Hafi stefnandi ekki fært fram sönnun fyrir hinu gagnstæða, sbr. 4. mgr. 186. gr. sömu laga, sbr. einnig 116. gr. laga nr. 91/1991. Synjun ríkissaksóknara 5. mars 2019 á beiðni stefnanda um afhendingu munanna hafi því verið lögmæt og réttmæt og með henni hafi ekki hafi verið brotið gegn lögum eða ákvæðum 70. og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

III. Helstu málsástæður aðila um formhlið máls

15. Við munnlegan málflutning um formhlið málsins andmælti lögmaður stefnanda því að á málinu séu nokkrir gallar sem varðað geti frávisun án kröfu. Var lögð áhersla á að haldlagðir munir hafi ekki verið gerðir upptækir gagnvart stefnanda í máli nr. [...] /2010 enda hafi hann ekki átt aðild að því máli. Því hafi sá dómur engin formleg réttaráhrif gagnvart honum, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Sönnunargildi dómsins um málsatvik, sbr. 4. mgr. sömu laga, megi hnekkja, eins og stefnandi hyggist gera í þessu máli. Þá eigi stefnandi lögvarða hagsmuni af því að fá stjórnvaldsákvörðun stefnda, sem reist hafi verið á ólögmætum sjónarmiðum, fellda úr gildi, svo stefnandi geti knúið fram nýja ákvörðun stefnda, byggða á lögmætum sjónarmiðum. Enn fremur leiði aðildarskortur ekki til frávisunar heldur sýknu í kjölfar efnismeðferðar máls, ef á þau rök yrði fallist. Til stuðnings máli sínu vísaði lögmaðurinn til fjölda dæma úr dómaframkvæmd æðri dómstóla, einkum dóma Hæstaréttar í málum nr. 457/1997 og nr. 145/1998.
16. Af hálfu stefnda var gagnstæðri afstöðu lýst og á því byggt að draga megi í efa lögvarða hagsmuni stefnanda af kröfugerð sinni, auk þess sem í málinu kunni að vera höfð uppi lögspurning, í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Enda þótt frávisunarkrafa hafi ekki verið höfð uppi í greinargerð stefnda virðist málið svo verulega vanreifað að skilyrðum d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 geti vart talist fullnægt, þar á meðal varðandi aðild til bæði sóknar og varnar.

IV. Niðurstaða

17. Meðal þess sem dómari gætir að, án kröfu, er hvort stefna uppfylli skilyrði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991

um meðferð einkamála og má þar helst telja atriði varðandi skýrleika kröfugerðar og málsástæðna, sbr. d- og e-lið málsgreinarinnar. Þá er það almennt skilyrði þess að mál verði borið undir dómstóla að stefnandi teljist hafa lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um þær dómkröfur sem hann gerir í málinu og á sú grunnregla sér stoð í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Ákvæði 1. mgr. sömu lagagreinar stendur í vegi þess að svokallaðar lögspurningar verði lagðar til úrlausnar dóms. Í 24. gr. laganna er að finna skilyrði sem lúta að því hvers konar sakarefni verða lögð til úrlausnar dómstóla. Enn fremur eru skorður við því reistar að krafa sem dæmd hefur verið að efni til verði borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól og skal nýju máli um slíka kröfu vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

18. Enda þótt sakarefnið sé í sjálfu sér hvorki umfangsmikið né flókið telur stefna málsins 17 blaðsíður, að meðtalinni skjalaskrá, og eru þar einkum rakin atriði er varða lögreglurannsókn þess máls sem dæmt var með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010 og síðar var fjallað um í dómi réttarins í máli nr. 345/2016. Sakarefni málsins og efnistöðum er lýst í sérstökum, samnefndum köflum áður en komið er að kafla um málavexti. Í umfjöllun um málsástæður og lagarök er sakarefni málsins aftur lýst í sérstökum undirkafla og því næst er þar að finna kafla sem ber heitið „Um hvað hverfist málið“ áður en vikið er að málsástæðum. Er framsetning stefnunnar og sú verulega framlagning skjala sem henni fylgir, 92 talsins að meðtalinni stefnu og skrá, með þeim hætti að á það þykir skorta að uppfylltar séu kröfur e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýran og glöggan máltilbúnað. Sýnist það að nokkru marki hafa torveldað málsvarnir stefnda.
19. Samkvæmt því sem fram kom við munnlegan málflutning er með þeim haldlögðu fjármunum og öðrum munum sem taldir eru upp í aðalkröfu stefnanda átt við verðmæti sem gerð voru upptæk með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010. Verður að vísu ekki séð að viðskiptakvittun og ábyrgðarskírteini sem talin eru í aðalkröfu stefnanda séu meðal muna sem gerðir voru upptækir, en ætla má að þeir munir hafi ekki sérstakt verðgildi og var ekki sérstaklega um þá fjallað við munnlegan málflutning. Með hliðsjón af þessari skýringu stefnanda þykir ekki næg ástæða til að vísa málinu frá dómi af þeim sökum að dómkrafan sé ekki nægilega skýr, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, eða sökum þess misræmis sem felst í orðinu „haldlagða“ við þá staðreynd að verðmætin hafa verið gerð upptæk. Varakröfu stefnanda verður að skilja sem kröfu um að stefndi afhendi stefnanda umrædd verðmæti.
20. Þótt það heyri almennt undir efnisumfjöllun máls að leysa úr því hvort um aðildarskort sé að ræða, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, getur það skipt máli við heildstætt mat á máltilbúnaði aðila við umfjöllun um formhlið máls ef aðild máls er talin vanreifud í stefnu. Í stefnu er hvergi fjallað um aðild málsins, hvorki til sóknar né varnar, en við munnlegan málflutning kom fram að stefnandi beinir kröfum sínum að embætti ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákærvalds, þar sem það hafi verið ákærvaldið sem á sínum tíma krafðist upptöku umræddra verðmæta í ákæru.
21. Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 69. gr. g almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður það sem gert er upptækt eign ríkissjóðs nema annað sé sérstaklega ákvæðið í lögum. Í ljósi þess hefði stefnandi verið rétt að rökstyðja það í stefnu hvers vegna hann kaus að beina dómkröfum sínum, og þeirri afhendingarbeiðni 8. febrúar 2019 sem var undanfari málsins, að stefnda í stað þess að beina þeim að fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins vegna ríkissjóðs. Af bréfinu að dæma virðist lögmaður stefnanda sjálfur hafa haft efasemdir um að stefndi væri rétt og bært stjórnvald til að fjalla um afhendingarbeiðni hans. Við munnlegan málflutning kom fram sú skýring að stefnandi líti svo á að munirnir séu enn haldlagðir gagnvart honum, enda hafi hann ekki átt aðild að sakamálinu þar sem þeir voru gerðir upptækir. Í þeirri síðbúnu skýringu er lítið hald enda eru upptaka og eignarhald ekki afstæð hugtök. Samkvæmt framanrituðu er um að ræða vanreifun á aðild málsins til varnar og uppfyllir stefnan að því leyti ekki kröfur e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.
22. Enda þótt stefndi hafi svarað afhendingarbeiðni stefnanda, í stað þess að framsenda erindið til annars stjórnvalds, ber svarbréf embættisins, dags. 5. mars 2019, ekki með sér að það feli í sér úrlausn í tilteknu stjórnsýslumál um réttindi eða skyldur stefnanda af hálfu stjórnvalds sem telji sig til þess bært. Svarbréfið, sem inniheldur aðeins tvær stuttar málsgreinar, virðist öðru fremur fela í sér almennar leiðbeiningar. Er af þeim sökum, og því sem að framan greinir um vanreifun á varnaraðild málsins, vandséð að stefnandi hafi nokkra lögvarða hagsmuni af því að fá þá afgreiðslu stefnda á erindi hans fellda úr gildi, eins og hann

krefst aðallega.

23. Aðspurðir af dómara gat hvorugur lögmanna aðila upplýst hvort þau verðmæti sem gerð voru upptæk og dómkröfur stefnanda lúta að séu enn til staðar í vörslu stefnda eða annarra embætta eða stofnana íslenska ríkisins. Var það brýnt í ljósi þess að meira en 15 ár eru liðin frá því að endanlegur dómur um upptöku munanna gekk í hæstaréttarmáli nr. [...] /2010 og tæp sex ár eru nú liðin frá dagsetningu þess bréfs stefnda sem aðalkrafa stefnanda lýtur að. Benti hvor aðili á hinn varðandi skyldu til frumkvæðis að því að upplýsa það atriði. Af framangreindri ástæðu leikur verulegur vafi á um það hvort stefnandi geti enn átt lögvarða hagsmuni af í það minnsta varakröfu sinni, yrðu þeir hagsmunir á annað borð taldir hafa verið til staðar í upphafi.
24. Að öllu framanrituðu virtu þykja rök standa til þess að máli þessu verði vísað frá dómi í heild, án kröfu, vegna vanreifunar, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, og vegna skorts á lögvrörðum hagsmunum. Til viðbótar þykja eftirfarandi rök standa til enn frekari stuðnings þeirri niðurstöðu og er þar óhjákvæmilegt að víkja nokkuð að þeim ávæðum laga um bindandi réttaráhrif dóma sem efnislegur málatilbúnaður stefnanda hverfist annars um.
25. Samkvæmt 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis fyrir ákærða, ákærvaldið og aðra [áherslumerking dómara] um þau atriði sem þar eru dæmd að efni til. Verður krafa sem dæmd hefur verið að efni til ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framar en í lögum þessum segir og skal nýju máli um slíka kröfu vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.
26. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010 var tekin efnisleg afstaða til þess, að undangenginni sönnunarfærslu, hverjum hinir haldlögðu munir í bankahólfinu tilheyrðu og varð niðurstaðan sú að sannað þótti að þeir tilheyrðu ekki stefnanda heldur ákærða, syni hans. Var því fallist á kröfu ákærvaldsins um upptöku verðmætanna. Var áréttað í dómi réttarins í máli nr. 345/2016 að dómur í fyrrnefndu máli hefði fullt sönnunargildi um það atriði þar til hið gagnstæða sannaðist og að stefnanda hefði ekki tekist slík sönnun í síðar nefndu máli.
27. Þótt dómur bindi að meginstefnu til ekki aðra en aðila máls samkvæmt þeirri grunnreglu sem býr að baki ákvæðum 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 verður ekki hjá því litið að munur er á orðalagi ákvæðanna. Gefa orðin „og aðra“ í 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 til kynna að fleiri geti orðið bundnir af dómi í sakamáli en ákærvaldið og ákærðir. Þótt tilvitnuð orð verði ekki túlkuð rúmt, í ljósi grunnreglunnar, þykir til þess verða að líta að stefnandi hafði réttarstöðu sakbornings við lögreglurannsókn þess máls sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010. Gafst honum bæði við rannsóknina og er hann gaf vitnisburð fyrir dómi í sakamálinu, eftir að málið hafði verið fellt niður gagnvart honum við lok rannsóknarinnar, færi á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um eignarhald munanna. Var niðurstaða Hæstaréttar um að verða við upptökukröfu ákærvaldsins reist á heildarmati á sönnunargögnum málsins, eins og rakið er í úrskurði Endurupptökudóms í máli nr. [...], þar með talið á framburði stefnanda og sonar hans.
28. Framanritað þykir renna stoðum undir það að dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] /2010 hafi bindandi réttaráhrif fyrir stefnanda á grundvelli 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008, að því er varðar niðurstöðu dómsins um upptöku þeirra verðmæta sem hér um ræðir. Af því leiðir að hann getur ekki borið undir dóm að nýju kröfur sem í reynd lúta að því að þeirri niðurstöðu verði hnekkt, en svo þykir hátta til um bæði aðal- og varakröfu hans í þessu máli. Af þessu leiðir, til viðbótar fyrri rökstuðningi, að vísa ber málinu frá dómi, án kröfu, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.
29. Af hálfu stefnda var við munnlegan málflutning ekki höfð uppi sérstök krafa um málskostnað ef til frávísunar kæmi og úrskurðast hann því ekki.
30. Af hálfu stefnanda flutti málið Einar Gautur Steingrímsson lögmaður en Óskar Thorarensen lögmaður flutti málið af hálfu stefnda. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu sem stefnandi, A, höfðaði á hendur stefnda, embætti ríkissaksóknara, 26. júní 2025, er vísað frá dómi, án kröfu.